

ÁKVÖRÐUN nr. 165**frá 30. júní 1997****um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 128 og E 128B)(*)**

(97/823/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið útbúa vottorð, staðfestar yfirlýsingar, tilkynningar, umsóknir og önnur skjöl sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðunum,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 153 frá 7. október 1993 um gerð og breytingar á eyðublöðum sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðunum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ný eyðublöð E 128 og E 128B eru gefin út í því skyni að taka tillit til reglugerða ráðsins (EB) nr. 3095/95, (EB) nr. 3096/95 og (EB) nr. 1290/97 sem breyta einkum ákvæðum um rétt til sjúkrabóta.

VI. viðauki við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði frá 2. maí 1992, eins og honum var breytt með bókun frá 17. mars 1993, er til framkvæmdar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar eru eyðublöð, sem nauðsynleg eru vegna beitingar reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og 574/72, aðlöguð og þau tekin í notkun á Evrópska efnahagssvæðinu.

Til hagræðingar eru notuð eins eyðublöð í bandalaginu og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í tilmælum framkvæmdaráðsins nr. 15 var ákveðið á hvaða tungumáli eyðublöðin skyldu útbúin.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 341, 12.12.1997, bls. 61, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/98 frá 4. júlí 1998 um breytingu á VI. viðauka (Félaglegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

1. Útbúa skal tvö ný eyðublað, E 128 og E 128B, vegna aðstoðar sem þörf er á við dvöl í aðildarríki þar sem ekki er gert að skilyrði að brýn þörf sé fyrir aðstoð.
2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu láta hlutaðeigandi aðilum (lögmætum umsækjendum, stofnunum, vinnuveitendum o.s.frv.) í té eyðublað í samræmi við meðfylgjandi fyrirmyndir að þeim.
3. Hvert eyðublað skal vera fáanlegt á opinberum tungumálum bandalagsins og þannig úr garði gert að mismunandi útgáfur séu algjörlega samsvarandi, þannig að hver sá aðili sem á að fá eyðublað (lögmætur umsækjandi, stofnun, atvinnurekandi o.s.frv.) geti fengið það prentað á sínu eigin tungumáli.
4. Þessi ákvörðun tekur gildi fyrsta dag mánaðarins eftir hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Formaður framkvæmdaráðsins

Cees VAN DEN BERG